

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

20.08.2020

Umsögn og athugasemdir Bogveiðifélag Íslands vegna draga að frumvarpi að endurskoðun á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

1. Inngangur

Bogveiðifélag Íslands fagnar að loksins er farið að vinna í nýjum Villidýralögum en búist hefur verið við þessari vinnu síðan að svokölluð hvítbók var gefin út eftir mikla vinnu nefndar um málefni veiðar og vernd á villtum dýrum árið 2013.

Bogveiðifélag Ísland lýsir miklum vonbrigðum með núverandi drög sem og hvernig að þeirri vinnu hefur verið staðið og að ekkert sé talað um bogveiði sérstaklega þegar fleiri lönd í Evrópu leyfa bogveiði eða eru með ferli í að leyfa bogveiði. Með að hafa ekki bogveiði með í þessum tillögum þá er klárt að ráðuneyti vill ekkert með bogveiði gera og hefur greinilega sýnt sig í gegnum árin og reynt að nýta sér allar leiðir til þurfa ekki að skoða með bogveiði, . Þetta verkefni sem villidýralögin eru að það yfirgríps mikil og mikla og stöðuga vinnu þarf að leggja í þetta bæði vegna upplýsinga öflunar og kynningar á málum fyrir nefndina. Ekki eins og nú virðist vera reynt að hraða/lauma þessu í gegn og í skjóli sumarfría og covid þar sem tímaleysi ofl er ráðandi og kannski vonast til að fólk nenni ekki að fylgja þessu máli eftir.

Að öðrum atriðum/greinum í drögum þá virðist við fyrstu sýn verið er að ganga mun lengra í friðun, vernd og takmarka aðgang til veiða en flestar þjóðir eru að gera

5. gr. Stofnanir og hlutverk þeirra. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera ráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laganna og gera tillögur varðandi verndun, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem lög þessi mæla fyrir um eða ráðherra óskar sérstaklega eftir, auk þeirra verkefna sem þeim eru sérstaklega falin samkvæmt lögum þessum. ~~Matvælastofnun fer með málefni er snúa að velferð villtra fugla og villtra spendýra.~~

Hér leggjum við til að Matvælastofnun verði tekið út og sett” Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar sjái um málefni málefni er snúa að velferð villtra fugla og villtra spendýra”

Raun allt í þessum lögum þar sem Matvælastofnun er tilgreind þá verði það tekið út. Matvælastofnun ætti eingöngu koma að málefnum villtra dýra þegar þeim er haldið í húsi eða garði

8. gr. Samráð við hagsmunaaðila. Um stefnumótandi mál er varða vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal eftir því sem hlutaðeigandi mál kallar á hafa samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð og áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, svo sem Fuglavernd og Skotveiðifélag Íslands eða aðra aðila sem hagsmuni kunna að hafa í málinu. ~~Hafa skal samráð við Matvælastofnun verði veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnuna um mál er varða velferð villtra fugla og villtra spendýra.~~

9. gr. Friðun. Villtir fuglar og villt spendýr sem heyra undir lög þessi eru friðuð nema friðun hafi verið aflétt á grundvelli laga þessara eða reglna settra með stoð í þeim. Undir friðun þessa falla einnig þær tegundir villtra dýra sem koma reglulega á íslenskt yfirráðasvæði eða berast þangað af sjálfsdáðum auk egg villtra fugla og hreiður þeirra. 6 Í vinnslu – 8. júlí 2020 Ráðherra er heimilt að eigin frumkvæði eða samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og að fenginni umsögn/**samþykki** Umhverfisstofnunar að kveða á um aukna vernd eða sértæka friðun ákveðinna villtra fugla og villtra spendýra ef ástæða þykir til. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða á um að strangari reglur skuli gilda um búsvæði eða vistgerðir ef sýnt þykir að ákveðin tegund eða tegundir séu í hættu og stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða sé sérstaklega viðkvæm fyrir raski.

10. gr. Önnur vernd villtra dýra og villtra fugla og búsvæða þeirra. Við skipulag, landnotkun og ferð um náttúruna skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög. Forðast skal alla óþarfa truflun á dýralífi og röskun á búsvæðum, lykilbúsvæðum, eða lykilstöðum. Eigendum eða ábyrgðaraðilum hunda og katta ber að virða friðhelgi fugla um varptímann og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að forða tjóni og röskun af þeirra völdum. Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga þyrlum, flygildum eða flugvélum, sigla hljóðmiklum skipum eða bátum eða vera með háreisti eða annan hávaða að óþörfu við þau fuglabjörg, fuglabbyggðir og selalátur sem tilgreind eru í reglugerð samkvæmt 54. gr. laganna, innan þeirra fjarlægðarmarka sem þar koma fram. ~~Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2000 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum, steypa undan fuglum eða ryðja fuglabjörg. Óheimilt er að veiða fugla í sárum eða ófleyga unga. Lifandi ósærða fugla sem lenda í neti við veiðar skal ávallt greiða úr netinu og sleppa.~~

Hér er um mikla þversögn að ræða er kemur að hávaða og umferð fólks með skotvopn. Það er hvergi eins mikið dýra og fuglalíf einmitt við skotvelli landsins. Í raun hefur almenn umferð fólks meiri áhrif á fuglalíf en t.d skotveiðar. Umferð um svæði á veiðitíma er mikið minni en ef borið er saman við almenna umferð ferðamanna og ofl. Þarf ekki mesta næði á varptíma og yfir sumarið. Það að hafa allt að 2000m frá landi getur orsakað að heilu fjörðunum gæti verið lokað fyrir veiðum ef menn vildu. Fuglabjörg hver er skilgreining á fuglabjörgum og hver sér um þá skilgreiningu sem og banna nýtingu lands t.d hjá bónda. Þessi atriði þarf að skoðast nánar

11. gr. Velferð villtra dýra og villtra fugla. Skytt er að sýna villtum fuglum og villtum spendýrum hvar sem er á landinu, nærgætni og tillitssemi og forðast óþarfa truflun, röskun eða meðhöndlun. Við alla nauðsynlega meðhöndlun, afskipti eða veiðar villtra fugla og villtra spendýra skal þess gætt eins og kostur er að meðferð þeirra sé réttlæt看leg og að þau verði ekki fyrir óþarfa sárauka, þjáningu, hræðslu eða óþægindum. Veiðar eða aflifun villtra fugla og villtra spendýra skulu vera mannúðlegar og skal ávallt reyna að tryggja skjótan og sársaukalausán dauðadaga **sem og skulu fylgja leyfilegum veiðiaðferðum samkvæmt alþjóðasamningum**. Óheimilt er að fanga og halda villt dýr nema í því skyni að veita því tímabundna neyðaraðstoð eða sérstök heimild hafi fengist til þess samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Við veiðar eða lögmæta föngun villtra dýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda limlestingum eða kvölum. Koma skal sjúku, særðu eða bjargarlausu villtu dýri til bjargar ef þess er nokkur kostur eða tilkynna slík atvik til lögreglu. Heimilt er að aflífa slík dýr með skjótum og sem sárauka minnstum hætti ef sýnt þykir að ekki sé unnt að veita því viðunandi bjargir. ~~Um velferð villtra dýra og villtra fugla sem heyra undir lög þessi gilda jafnframt lög um velferð dýra.~~ **Við teljum að lög um velferð villtra dýra eigi ekki samleið með lögum um velferð dýra og skuli utanskilja villt dýr úr lögum um velferð dýra nema að því leiti þegar fólk er að halda villt dýr í húsi eða garði. Og því skuli fella neðstu línu greinar út**

14. gr. Málefni hvítabjarna. Hvítabirnir eru friðaðir samkvæmt lögum þessum á landi, hafis og á sundi, sbr. þó 2. mgr. Sjáist hvítabjörn við ströndina eða á landi skal tafarlaust tilkynna það til lögreglu. Þrátt fyrir friðun er lögreglu í hlutaðeigandi lögregluumdæmi heimilt að taka ákvörðun um að fella hvítabjörn sem fólki getur stafað hættu af. Hafa skal samráð við Umhverfisstofnun áður en hvítabjörn er felldur ef tími vinnst til. Sé það mat lögreglu að ekki þurfi tafarlaust að grípa til úrræða skv. 2. mgr., vegna komu hvítabjarnar er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hættu af honum. Hafi hvítabjörn verið felldur skv. 2. mgr. skal hann afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda

greiði ríkissjóður áfallinn kostnað við að fella björninn. **Tilhvers að koma inn að Bjarga skuli Hvítabirni ef þess er kostur. Þegar heilmikil vinna var sett í að fara yfir þessi mál á sínum tíma og niðurstaða starfshóps var að fella skuli alla Hvítabirni sem koma að landi.**

21. gr. Veiðistjórnun. Veiðar villtra fugla og villtra dýra skulu háðar veiðistjórnun. Veiðistjórnun og ákvarðanir stjórnvalda er varða hana skulu byggjast á bestu vísindalegri þekkingu á hverjum tíma á verndarstöðu, sjálfbærni og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu búsvæðis. Sama gildir einnig um áætlanagerð stjórnvalda, sveitarfélaga og aðila á þeirra vegum. Í þeim tilgangi að framfylgja stjórnunar- og verndunaráætlun er Umhverfisstofnun heimilt að grípa til aðgerða til veiðistjórnunar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir 10 Í vinnslu – 8. júlí 2020 atvikum aðrar fagstofnanir eða hagsmunaaðila. Aðgerðir geta m.a. falið í sér bann við veiðum á tilteknum tegundum, á tilteknum svæðum, á tilteknum tímum árs eða sólahringsins. Aðgerðir til veiðistjórnunar geta einnig falið í sér veiðar eða útrýmingu framandi tegunda, annarra en þeirra sem skylt er að örmerkja skv, lögum og taldar eru líklegar til að ógna eða hafa veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, sbr. 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um veiðistjórnun á grundvelli þessarar greinar skal birt á vefsetri stofnunarinnar.

Við teljum að setja þurfi inn í þessi lög línu um það sem er kallað *Virk veiðistjórnun (Adaptive management)* sem gengu á að hægt er að friða einstök svæði gangvart veiðum á fuglum og villtum dýr í staðin að friða/banna veiðar á ákveðnum tegundum um allt land. Jú við vitum að dýr færa sig bæðu útaf fæðu og öðrum þáttum. Og því geti í sumum tilvikum talning á fyrirfram ákveðnum talningasvæðum gefið ranga mynd af stöðum stofna þegar vitað er um fjölgun á öðrum svæðum sem falla ekki undir þessi talningasvæði.

24. gr. Veiðiaðferðir. Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl **nota verkfærum** með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 4, 7 og 17 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerð. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. 11 Í vinnslu – 8. júlí 2020

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf, nema útrýmingarefni til músa- og rottuveiða í samræmi við ákvæði efnalaga.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti **(nema ef um örvar með veiðiodda er að ræða.)**
4. Net, nema háf til lundaveiða.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.

6. Snörur og snörufleka.
7. Gildirur, nema til músa-, rottu- og minkaveiða. Gerðir gildra skulu hafa hlotið samþykki Umhverfisstofnunar.
8. Rafbúnað sem getur drepíð eða rotað.
9. Upptöku- eða afspilunartæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Fastan ljósgjafa, nema til refa- og minkaveiða.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk, t.d. ljósbúnað festan við byssu.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni. Undanskilið er þó rafeindapunktur eða upplýstur kross í sjónauka.
14. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálf sjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Hljóðdempara (~~Hljóðdeyfa~~), nema á stóra riffila og **haglabyssur** sem nota miðkveikt skot og uppfylla skilyrði vopnalaga.
16. Lifandi dýr sem bandingja eða til þjálfunar veiðihunda.
17. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar. Óheimilt er að nota loffför, flygildi eða önnur vélknúin farartæki við veiðar, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum á landi er einungis heimilt að nota götuskráð vélknúin farartæki og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 200 metra. Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem varanlega eru bundnir við notkun á hjólastól, sérstaka undanþágu frá ákvæðum 3. mgr. til að skjóta frá kyrrstæðu vélknúnu farartæki á vegum eða merktum vegaslóðum, enda hafi veiðimaður í för með sér aðstoðarmann eða hund til að sækja bráð. Séu skilyrði náttúruverndarlaga um akstur á snævi þakinni og frosinni jörð utan vega uppfyllt er honum heimilt að víkja frá vegum eða merktum vegaslóðum við veiðar enda sé ekki hætt á náttúruspjöllum. Heimild samkvæmt þessari grein skal getið í veiðikorti hlutaðeigandi veiðimanns, sbr. 27. gr. laganna.

Leggjum til að fella skuli út línuna nota skotvopn sem úr má skjóta frihendis frá öxl
Þetta hindrar að hægt sé að leyfa aðrar veiðiaðferðir sem eru viðkenndar
samkvæmt alþjóðlegum samningum eins og t.d bogveiði.

15.grein leggjum til að haglabyssum verði bætt við þar sem leyft er að veiða með hljóðdempara

26. gr. Hæfnispróf veiðimanna. Þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skulu hafa staðist próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða í samræmi við lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim. Umhverfisstofnun semur námskrá, setur mörk og viðmið um fullnægjandi árangur á prófi og heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela aðilum, sem hafa til þess þekkingu og reynslu að mati stofnunarinnar, að halda slík námskeið í sínu umboði. Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem óskar eftir veiðikorti, sem eingöngu gildir til töku eggja eða til annarra veiða en skotveiða, undanþágu frá hæfnisprófum veiðimanna skv. 1. og 2. mgr. 2.

Bæta við sé um bogveiðinámskeið að ræða þá skuli Bogveiði Íslands sjá um framkvæmd og umsjón þess enda sé þekking reynsla og réttindi til staða en skilyrði til að vera búinn með veiðikortanámskeiðið. Bogveiðisamaband Evrópu er að mælast til að svo verði. Enda sé um aukanámskeið að ræða sem er sérsniðið að bogveiðum og sérkunnáttu.

Aldurstakmark til veiðar en við leggjum til að aldur til að taka yngri einstaklinga með á veiðar verði lækkaður til samræmis við það sem þekkist á norðurlöndunum. Leggjum jafnframt til ráðuneytið leitist til að ræða við þá sem fara með vopnalögin að skoða það sem og önnur atriði eins og hljóðdempari á haglabyssu.

Niðurlag

Bogveiðifélag Íslands hefur frá stofnun þess beitt sér fyrir því að fá bogveiðar leyfðar á Íslandi. Haft var strax samband við ráðuneytið og í kjölfarið var Umhverfisstofnun fengin til að gera umsögn um bogveiði fyrir Umhverfissráðuneytið og var umsögn mjög jákvæð bogveiðum og talað um að stofna starfshóp og í framhaldi þrjúveiðar. Haldin var fundur í ráðuneyti og talað um halda þessu opnu. En mikil vonbrigði urðu þegar sagt var að ekki væri hægt að skoða þetta mál áfram þar sem vopnalög hindruðu að flytja inn veiðiodda. Ráðuneytið sá sér greinilega ekki fært að óska eftir undanþágu vegna vinnu ráðuneytis sem okkur skilst að hefði ekki verið neitt vandamál á sínum tíma og það í raun sýndi hversu lítinn áhugi var á þessu máli. Þegar Hvítbók kom út þá var tekið í sama streng og í umsögn Umhverfisstofnunar stofna starfshóp og skoða þessi mál. En aldrei hefur þessi starfshópur verið stofnaður og nú í aðdraganda nýrra villidýra laga þá hefði í ljósi fyrri vinnu verið tilvalið að stofna starfshóp um bogveiði en talað hefur verið um að núverandi drög séu unninn uppúr Hvítbók þrátt fyrir að margt í nýjum drögum beri þess ekki nein merki og tillögur að starfshópum. Klárt að skautað sé yfir mörg atriði sem þarf að ræða og fara betur yfir og hlusta á hagsmunaaðila tengda veiðum og

nýtingu en starfsmönnum ráðuneytis greinilega ekki þótt viðeigandi að vera með í núverandi drögum.

Bogveiðifélag Íslands hefur ítrekað óskað eftir bréflaga og í tölvupóstum að koma að þessari vinnu bæði til að kynna bogveiði og tryggja að nefndin um endurskoðun sé með réttar upplýsingar til að geta fjallað um þetta mál á faglegum nótum en ekki á einhverjum tilfinningalegum eða huglægum nótum. En aldrei hefur komið svar við þeim samskiptum frá þeim sem bent er á og hafa um málið að segja. Bogveiðifélag Ísland telur klárt að stofna hafi átt starfshóp um bogveiði um leið og endurskoðun á Villidýralöggjöfinni væri að fara af stað.

Frá 2012 þá hefur orðið mikil þróun í Evrópu er varðar bogveiðar. Nú eru orðin fleiri lönd sem leyfa bogveiðar en sem leyfa ekki. Bogveiði á Sauðnaut í Grænlandi voru leyfð 2012 og 2014 á Hreindýr. Á norðurlöndunum eru bogveiðar leyfðar í Finnlandi og Danmörku og leyft að veiða á nær öll dýr nema Elg. Okkur skilst að um 7-10 lönd eru með ferli í gangi að leyfa bogveiðar og þar á meðal eru Noregur og Svíþjóð. Í Svíþjóð fór fram prufuveiðar 2008 og þóttu takast vel en vegna langdrægni í endurskoðun laggjafa um Úlf og önnur rándýr þá hefur áframhaldandi vinna tafist. En Skotveiðifélag Svíþjóðar og Bogveiðifélag Svíþjóðar hafa sótt um til yfirvalda og óskað eftir 5 ára tilraunaveiðum með boga og hefur landbúnaðar Háskóli Svíþjóðar verið falið að skoða málið. Í Noregi þá er vinna að hefjast við endurskoðun á veiðilöggjöfinni og þar var 40 aðilum boðið að koma og kynna sig og það sem þeir standa fyrir og var bogveiði þar á meðal en með breytingum er ætlað að nútímavæða lögin og því ljóst að leyfa bogveiðar væri þáttur í því. Og vegna þess sem er í gangi þá er þetta kjörið tækifæri fyrir Ísland að vera með í að leyfa bogveiðar eða að minnsta kosti feta í fótspor Noregs og Svíþjóðar og taka upp prufuveiðar með boga og ör. Bogveiðar draga til sín yfirleitt öðruvísi hóp veiðimanna og sé í lagi kvenfólk, sem og fólks sem vilja njóta/tengjast náttúrunni betur, skilja hegðun dýranna og í raun þar sem að bráðin hefur meira forskot en veiðimaðurinn sem þarf að hafa meira fyrir veiðinni.

Bogveiðar eru leyfðar samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. T.d The 6th Annex in the "**Habitat Directive 92/43/EEC**"

Þar sem rannsóknir hafa farið fram á bogveiði í Danmörku (1998-)þá sýna þær að t.d hlutfall særðra dýra er jafnt eða lægra en ef veitt er með skotvopni og sýna t.d tölur frá Grænlandi það. Ef bogveiðar eru bornar saman við skotveiðar þá sýna að þær eru jafn áhrifaríkar svo fremi að áhöldin séu notuð innan sín notkunarvið og að tími frá því að bráð er skotin og þar til hún fellur eða er fallin þá er það sambærilegt í tíma og við skotveiðar og viðurkennt sem slíkt. Þetta helgast einna helst af því að kröfur til bogveiðimanna eru meiri en til skotveiðimanna. Jafnframt sýna margar rannsóknir að

minna stress myndast hjá dýrum þegar veitt er með boga en ef um skotveiðar væri að ræða. Því teljum við bogveiðar fyllilega eiga rétt á sér og vera sambærilegar við skotveiðar og ekki falla undir veiðiaðferðir sem valda óþarfa ótta, sárauka eða dauðastríðs sem er fjallað um í 1 gr inngangur að veiðiaðferðir taki mið af. En svo er einnig talað um í þessum inngangi um að skortur á upplýsingum þá skuli beita varúðarreglu, hvernig er það hægt þegar yfirvöld neita að fá upplýsingar eða kynningu á hlutum eða tala við aðila sem eru með allar upplýsingar um þessi mál. Við teljum að það sé skylda yfirvalda að leita sér upplýsing en ekki bíða eftir að aðilar komi til þeirra að fyrri bragði með upplýsingar, ábyrgðin er hjá yfirvöldum og ættu ekki að geta skýlt sér á bak við “ skort á upplýsingum)

“Skortur á upplýsingum ætti að túlka villtum dýrum eða náttúrunni í hag, sbr. varúðarregluna, að veiðiaðferðir taki mið af velferð og líffræði viðkomandi tegundar, m.t.t. ótta, sársauka og dauðastríðs, með það fyrir augum að lágmarka þessa þætti eins og kostur er og að velferð og viðhald veiðistofna yrði höfð í fyrirrúmi umfram hefðir og sérhagsmuni, enda tryggði það sjálfbæra nýtingu og aðgang komandi kynslóða að þeim. “

Bogveiðifélag Ísland styður og stendur á bakvið Skotvís með að útvega gögn ofl sem og unnið tillögur sem Skotvís hefur lagt fram er varðar bogveiði, Með aðrar greinar og atriði sem Skotvís gerir athugasemdir við þá styðjum við þeirra málaflutning.

Með þessum umsögnum þá vonumst við til að nú sé aðeins um fyrstu drög að ræða sem koma til umsagnar þar sem ljóst sé að vinna þarf þessi drög betur og skoða hluti nánar. En hér að ofan er ekki um tæmandi lista að ræða

Virðingafyllst

F.h Bogveiðifélag Íslands
Indriði R. Grétarsson formaður